



ORKUSTOFNUN
Auðlindadeild

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1252
komudagur 8.3.04

Grensásvegur 9 Sími - 569 6000
108 REYKJAVÍK Fax - 568 8896
os@os.is http://www.os.is

Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 05. mars 2004
Tilvísun: 2004020009
Bréfalykill: 50.13


Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008

Með bréfi dags. 5. febrúar 2004, var þess farið á leit að Orkustofnun veitti umsögn um téð málefni. Orkustofnun gafst færi á að gera athugasemdir til Umhverfisstofnunar meðan heildaráætlunin var í vinnslu. Í þeirri umsögn fagnaði Orkustofnun viðleitni til að skjóta styrkum stöðum undir ákvarðanir sem varða náttúruvernd. Í samræmi við það hlutverk sem Orkustofnun hefur að lögum, beindust athugasemdir og ábendingar Orkustofnunar aðallega að því að vekja athygli á orkuvinnsluhagsmunum til framtíðar og hvatti til þess að reynt yrði að taka sem mest tillit til þeirra, t.d. með útfærslu eða afmörkun.

Þingsályktunartillagan fjallar um að vinna að friðlýsingu á 14 af þeim 77 svæðum sem heildaráætlunin fjallaði um. Af þessum svæðum hafði Orkustofnun fyrst og fremst athugasemdir við Reykjanes - Eldvörp - Hafnarberg. Háhitasvæðið á Reykjanesi er nú þegar í nokkurri nýtingu og Hitaveita Suðurnesja hefur þegar fengið leyfi til undirbúnings að frekari nýtingu svæðisins. Sama er að segja um Eldvörp, en þau tengjast Svartsengi. Ályktun Orkustofnunar um hugsanlegar friðlýsingar á þessum svæðum var og er, að brýnt er að viðkomandi orkufyrirtæki, sveitarfélög sem eiga hlut að máli (Grindavík og Reykjanesbær) og Umhverfisstofnun leggi sig fram um að finna ásættanlega lausn á nýtingu svæðanna sem telst samrýmanleg við markmið friðlýsingar fremur en tilbúin landamæri.

Orkustofnun telur að önnur svæði sem tillagan nær til muni ekki snerta sérstaka orkuvinnsluhagsmuni, en bendir þó á, að mikilvægt er að gæta að því að fólk í hinum dreifðu byggðum geti nýtt hagkvæma möguleika í nýtingu auðlinda sér til framfærslu, þótt ekki séu umtalsverðir þjóðhagslegir hagsmunir í húfi. Þetta gætu t.d. verið möguleikar á smáum vatnsaflsvirkjunum, svonefndum bændavirkjunum, en ekkert tæmandi yfirlit er til um þá möguleika.

Virðingarfyllst


Þorkell Helgason
orkumálastjóri